

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Lög um breyting á póstlögnum 13. september 1901, undirskrifuð af konungi 16. nóvember 1907 (A nr. 42, bls. 250—255).

Póstlög, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 43, bls. 256—275).

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um út- 107 svarsskyldu gufuskips. 16. nóvbr.

Hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps í sýslu yðar, herra sýslumaður, hefir með brjefi dags 16. f. m., beiðst álits stjórnarráðsins um það, hvort eigi sje heimild til þess að leggja útsvar á gufuskipið »Mjölmi,» eign gufuskipafjelagsins »Thore« í Kaupmannahöfn, og gefur um leið þær upplýsingar, að útsvar hafi um nokkur undanfarin ár verið lagt á tjeð gufuskip, en neitað hafi verið að greiða það.

Út af þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps, að stjórnarráðið telur heimilt, samkvæmt 36. gr. sveitarstjórnarlaga frá 10. nóvbr. 1905, sbr. hin eldri lög nr. 12 frá 9. ágúst 1889 sbr. lög nr. 1 frá 9. janúar 1880 og lög nr. 46 frá 13. nóvbr. 1903, að leggja útsvar á tjeð gufuskip, sem arðsamt fyrirtæki í hreppnum, þar sem það er skrásett til heimilis á Fáskrúðsfirði, en skal jafnframt taka það fram, að þar sem hjer er um útsvarsskyldu að ræða, heyrir mál þetta undir dómstólana.

Samþykkt

um

lendingarsjóði í Norðurisafjarðarsýslu.

Sýslunefndin í Norðurisafjarðarsýslu hefir samkvæmt lögum 14. des. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 10. nóvbr.

Reykjavík, 8. dag janúarmán. 1908. — Isafoldarprentsmiðja.